




Gullfoss heldur úr Reykjavíkurhöfn í síðustu ferð sumarsins, og e.t.v. sína síðustu ferð undir íslenskum fána.

(Tímamynd: G.E.)

## SÍÐASTA FERÐ GULLFOSS?

GULLFOSS hélt úr höfn í Reykjavík síðdegis á fimmtudag, e.t.v. í sína síðustu ferð í eigu Eimskipafélagsins. Skipið er nefnilega á sölulista og verður selt, ef viðunandi

tilboð fæst, en allavega er þetta síðasta ferð þess á þessu ári og verður því lagt að lokinni þessari ferð.

Með skipinu er íslenskt skemmtiferðafólk, að ná sér í

svoltinn sumarauka, að sögn blaðafulltrúa Eimskipafélagsins, Sigurlaugs Þorkelssonar. Komið verður við í 5 erlendum höfnum þ.e. Dublin, Rotterdam, Hamborg, Kaupmanna-

höfn og Leith. Eins og áður var getið, er þetta ef til vill í síðasta sinn, sem skipið siglir undir íslenskum fána.

—hs—

### Haustsýning FÍM

## „Ekki hægt að kenna alla myndlist við Kjarval“ —segir Bragi Ásgeirsson. - Tel, að meirihluti myndlistarmanna sé á móti þessari nafngift

—„Meiri hluti myndlistarmanna er á móti þessari nafngift, að ég álit. Nafnið óþjálft orð.... Það er Kjarvalshúsið úti á Nesi... það er Kjarvalssalur hér í húsinu.

Svona mál þarf sinn þróunartíma. Hvernig var það ekki með Laugardalshöllina? Líðu ekki ein tvö ár, þar til hún fékk sitt endanlega heiti, sem var í samræmi við

óskir almennings? En við erum tilbúnir til rökraðna um þetta mál. Nei, við höfum ekkert ákveðið nafn í huga. En það er ekki hægt að kenna alla íslenska myndlist við Kjarval.“

Þetta sagði Bragi Ásgeirsson listmálari, er við spurðum hann, hvers vegna talað væri um „Myndlistarhúsið á Miklatúni“ en ekki „Kjarvalsstaði“ á auglýsinga „plakati“ haustsýningar Félags íslenskra myndlistarmanna, sem er nú að hefjast. Borgarstjórn samþykkti um miðjan ágúst s.l. „Kjarvalsstaði“ sem nafn á þessu húsi í framhaldi af tillögu hússtjórnar, er hallaðist á sömu sveif.

Já, haustsýning FÍM hefst í Myndlistarhúsinu á Miklatúni eða Kjarvalsstöðum í dag, laugardag 22. september, kl. 18 og stendur til sunnudags 30. september. Óþið verður frá kl. 16-22 alla dagana. Þarna sýna alls 55 myndlistarmenn, þar af 30 félagsmenn FÍM. Sýnd eru málverk, höggmyndir, vefnaður, teikningar, grafík og vatnslitamyndir, — alls 116 verk, en 321 barst dómnefnd.

Síðasta haustsýning FÍM var haldin í Norræna húsinu árið 1971.

Í formála sýningarsskrár segir Bragi Ásgeirsson m.a., að hlutverk haustsýningarinnar sé ekki

sízt það að vera nokkurs konar liðskönnun varðandi hugsanlega félagsmenn FÍM. Það sé eins og áður stefna félagsins að gera haustsýninguna að árlegum starfsþætti í myndlistarlífi höfuðborgarinnar.

Þá segir Bragi orðrétt í lokin: —„Ennþá hefur félagið ekki hlotið þá starfsaðstöðu, sem leyfir langan og nákvæman undirbúning slíkra sýninga, sem þó er forsenda þeirrar reisnar, er við viljum að verði yfir þessu olubogabarni.“

Í sýningarnefnd haustsýningarinnar eru: Leifur Breiðfjörð form., Hringur Jóhannesson, Bragi Ásgeirsson, Svavar Guðnason, Einar Þorláksson, Guðmundur Benediktsson, Magnús A. Arnason, Sigurjón Ólafsson og Hrölfur Sigurðsson

—Stp



Verið að leggja síðustu hönd á haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna í vestari sal Kjarvalsstaða í gær.


### Forsetinn við útför Svíakonungs

FORSETI Íslands fer á morgun áleiðis til Stokkhólms, þar sem hann verður viðstaddur útför Gústafs VI Adólf Svíakonungs.

Í fylgd með forseta verða Einar Agúttson, utanríkisráðherra, og Birgir Möller, forsetaritari.

Forseti Íslands er væntanlegur til landsins Miðvikudaginn 26. september.

Reykjavík, 23. september 1973.



Hér sést sýningarplakat FÍM, þar sem talað er um Myndlistarhúsið á Miklatúni en ekki Kjarvalsstaði, eins og húsið heitir þó í dag samkvæmt samþykkt borgarinnar.

(Tímamyndir: Róbert)

### Árásir á forsætisráðherrann

Í síðasta blaði Dags er rætt um árásir á forsætisráðherra. Dagur sagði:

„Það hefur vakið furðu og gremju almennings hvernig Morgunblaðið notar landhelgismálið til ódrengilegra og óviturlægra árása á Ólaf Jóhannesson forsætisráðherra. Alþjóð sýnir forsætisráðherranum vaxandi traust í þessu máli og fylgir honum einhuga í sameiginlegri baráttu. Í öðru orðinu þora Morgunblaðsmennirnir ekki annað en að gera það líka. En svo illa þola þeir virðingu og traust þjóðarinnar á pólitískum andstæðing, að þeir verða sér til minnkunar í gagnrýni sinni, og þótt leitað sé í skrifum þeirra, vottar ekki fyrir tillögum okkur til framdráttar í baráttunni.

Maður einn, sem nýlega kom inn á skrifstofur blaðsins, lét eftirfarandi orð falla, um þetta óábyrgu Morgunblaðsmenn:

„Ef Íslendingar ættu jafn góðan málsvara í Bretlandi og Bretar eiga á Íslandi, þar sem Morgunblaðið er, þá væri auðvelt að vinna landhelgisdeiluna“.

P.P.

## Svar Íslendinga afhent í gær

Í GÆRDAG var brezka sendiherranum á Íslandi, John McKenzie, afhent svar utanríkisráðuneytisins við tillögu Breta um, að alþjóðlegri rannsóknarnefnd verði falið að kanna, hver beri sök á árekstrum íslenskra varðskipa og brezkra herskipa eða dráttarbáta. Svar utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir í heild sinni:

„Utanríkisráðuneytið vottar

brezka sendiráðinu virðingu sína og staðfestir móttöku erindis sendiráðsins Nr. 45, dags. 14. september 1973. Í erindinu er lagt til „að ef árekstur verði milli íslensks varðskipa og brezks herskipa eða dráttarbáts og önnur ríkisstjórnin álitur að skip hins aðilans hafi á ásettu ráði siglt á skip sitt, verði alþjóðlegri rannsóknarnefnd þegar í stað falið að sannreyna á grundvelli allra fyrirbyggjandi gagna, hvort slíkur

árekstur af ásetningi hafi átt sér stað“.

Ríkisstjórn Íslands hefir hvað eftir annað krafist þess að brezk herskip verði kvædd burt af svæðinu, enda hafi þau engan rétt til að sigla á íslensk varðskip, eða koma á annan hátt í veg fyrir að þau framfylgi íslenskum lögum og áskilur ríkisstjórnin sér rétt til að slíta stjórnmalasambandi ef slíkur aðgerður er áfram beitt. Ákvörðun í því efni mundi tekin á

grundvelli sönnunargagna Landhelgisgæzlunnar og hlutabæigandi sjóðóms.

Ríkisstjórnin og utanríkismálanefnd eru sammála um, að niðurstaða íslensks sjóðóms sé að sjálfsgöðu lokaorðið í deilum út af ásiglingum brezkra herskipa á íslensk varðskip, enda sé þar um opin réttarhöld að ræða og að ekki komi því til greina að samþykka neins konar yfirdóm yfir íslenskum dómstólum“.